

ÁKVÖRÐUN nr. 177**frá 5. október 1999****um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 128 og E 128 B)****(Texti sem varðar EES)**

(2000/748/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽¹⁾, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd eða túlkun reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa vottorð, staðfestar yfirlýsingar, tilkynningar, umsóknir og önnur skjöl sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 165 frá 30. júní 1997 um gerð og breytingar á tilteknum eyðublöðum sem eru nauðsynleg til beitingar fyrrnefndum reglugerðum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eyðublöðum E 128 og E 128 B er breytt í því skyni að taka tillit til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 þar sem ákvæðin um rétt til sjúkrabóta voru rýmkuð þannig að þau nái einnig til námsmanna.
- 2) VI. viðauki við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992, eins og bætt var við hann með bókun frá 17. mars 1993, er til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 3) Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar skal eyðublöðum, sem nauðsynleg eru vegna beitingar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, breytt og þau notuð á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 4) Til hagræðingar eru notuð eins eyðublöð í bandalaginu og á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 5) Í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 15 var ákveðið á hvaða tungumáli eyðublöðin skyldu útbúin.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.

ÁKVEÐID EFTIRFARANDI:

1. Í stað eyðublaðanna E 128 og E 128 B, varðandi aðstoð sem þörf er á við dvöl í aðildarríki þar sem ekki er gert að skilyrði að brýn þörf sé fyrir aðstoð, sem er að finna í ákvörðun nr. 165 frá 30. júní 1997, komi meðfylgjandi fyrirmyndir.
2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmætum umsækjendum, stofnunum, vinnuveitendum o.s.frv.) eyðublöðin í té í samræmi við meðfylgjandi fyrirmyndir að þeim.
3. Eyðublaðið skal vera fáanlegt á opinberum tungumálum bandalagsins og þannig úr garði gert að mismunandi útgáfur hafi nákvæmlega sama útlit, þannig að hver sá aðili, einstaklingur eða stofnun, sem á að fá eyðublað (lögmætur umsækjandi, stofnun, vinnuveitandi o.s.frv.), geti fengið það á sínu eigin tungumáli.
4. Ákvörðun þessi verður birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Hún tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Jorma PERÄLÄ

(Sjá leiðbeiningar)

VOTTORÐ UM RÉTT TIL NAUÐSYNLEGRAR AÐSTOÐAR VIÐ DVÖL Í AÐILDARRÍKI

(Athugið: Þetta skjal veitir engan rétt ef tilgangur ferðarinnar er að leita sér lækninga erlendis)

Almannatryggingareglugerðir: Reglugerð nr. 1408/71: gr. 22b og gr. 34b

Þar til bær stofnun skal fylla eyðublaðið út með prentstöfum og senda það til viðkomandi einstaklings eða stofnunarinnar á dvalarstað ef eyðublaðið hefur verið fyllt út að beiðni hennar

1.	Bótaþegi:	<input type="checkbox"/> starf í öðru aðildarríki en lögbæru ríki: launþegi/sjálfstætt starfandi einstaklingur (2) <input type="checkbox"/> námsmaður
1.1	Kenninafn (3):
	Fyrri nöfn (3):
	Eiginnafn/-nöfn: Fæðingardagur- og ár (4):
	Fast heimilisfang: Gata:
	Bær:	Póstnúmer: Land (1):
1.2	DNI-númer (5):	Kennitala (6):

2.	Aðstandendur sem dveljast tímabundið í öðru aðildarríki				
2.1	Kenninafn (3)	Fyrri nöfn (3)	Eiginnafn/-nöfn	Fæðingardagur- og ár (4)	Kennitala (6)

2.2	Fast heimilisfang (7): Gata:				
	Bær: Póstnúmer: Land (1):				

3. Þetta skjal gerir framangreindum einstaklingum kleift að fá **nauðsynlega aðstoð** frá tryggingarstofnunum í dvalarlandi vegna veikinda eða meðgöngu og fæðingar og tímabundið vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms,
í (1): frá (4): til: að báðum dögum meðtöldum

4.	Þar til bær stofnun	
4.1	Heiti:	Kenninúmer (8):
4.2	Heimilisfang: Gata:	
	Bær: Póstnúmer: Land (1):	
4.3	Stimpill:	Dagsetning (4): Undirskrift:

5.	Gildistími framlengdur			
5.1	Frá:	til:	5.3 Frá:	til:
5.2	Stimpill:	Dagsetning: Undirskrift:	5.4 Stimpill:	Dagsetning: Undirskrift:

LEIÐBEININGAR FYRIR HINN TRYGGÐA OG AÐSTANDENDUR HANS

- a) Þegar einhver viðkomandi einstaklinga þarfnast aðstoðar, þar með talið innlagðar á sjúkrahús, skal hann framvísa þessu eyðublaði hjá tryggingastofnun í dvalarlandinu, þ.e.:

í **Belgíu**, hjá „mutualité“ (staðarsjúkratryggingasjóðnum) að eigin vali;

í **Danmörku**: hjá heimilislæknum, tannlæknum og sjúkrahúsum sem heyra undir opinbera heilbrigðisþjónustu. Hægt er að fá meðferð hjá sérfræðingi eftir tilvísun frá heimilislækni. Yfirvöld á staðnum/svæðinu veita nánari upplýsingar;

í **Þýskalandi** hjá sjúkratryggingasjóði að eigin vali sem gefur út vottorð eftir viðtöku þessa eyðublaðs um rétt til hvers konar umönnunar án þess að setja skilyrði um að þörf fyrir aðstoð skuli vera brýn;

í **Grikklandi**, að öðru jöfnu hjá almannatryggingastofnun héraðsins eða staðarins (IKA) sem gefur út „heilsubók“ fyrir viðkomandi, en hana er nauðsynlegt að hafa til að fá aðstoð;

á **Spáni**: hjá lækni- og sjúkrahúsþjónustu opinberu spænsku heilbrigðisþjónustunnar. Framvísa verður eyðublaðinu ásamt ljósriti;

í **Frakklandi**: þegar sótt er um endurgreiðslu, hjá „Caisse primaire d'assurance maladie“ (staðarsjúkratryggingasjóðnum) eða beint á sjúkrahúsi við innlögn þar;

á **Írlandi**: hjá heilbrigðisstjórn á því svæði þar sem viðkomandi sækir um bætur;

á **Ítalíu**: að öðru jöfnu hjá „Azienda sanitaria locale“ (ASL, heilbrigðisstjórn staðarins) sem ber ábyrgð á viðkomandi svæði, fyrir sjómenn og áhafnir í almennu flugi, hjá „Ministero della sanità — Ufficio di sanità marittima o aerea“ (heilbrigðisráðuneyti, heilbrigðisskrifstofu sjóhers eða flugs sem ber ábyrgð á viðkomandi svæði);

í **Lúxemborg**: hjá „Caisse de maladie des ouvriers“ (sjúkratryggingasjóði fyrir verkafólk);

í **Hollandi** hjá „ANOZ Verzekeringen“ (almenna sjúkratryggingasjóðnum í Hollandi) í Utrecht, sem gefur út vottorð eftir viðtöku þessa eyðublaðs um rétt til hvers konar umönnunar án þess að setja skilyrði um að þörf fyrir aðstoð skuli vera brýn;

í **Austurríki**: hjá „Gebietskrankenkasse“ (sjúkratryggingasjóði héraðsins) á dvalarstað;

í **Portúgal**: í landinu sjálfu: hjá „Administração Regional de Saúde“ (heilbrigðisstjórn héraðsins) á dvalarstað; í Madeira: hjá „Direcção Regional de Saúde Pública“ (héraðsskrifstofu almannaheilbrigðis) í Funchal; á Asoreyjum: hjá „Direcção Regional de Saúde“ (heilbrigðisskrifstofu héraðsins) í Angra do Heroísmo;

í **Finnlandi**: hjá staðarskrifstofu „Kansaneläkelaitos“ (almannatryggingastofnunar) ef óskað er eftir endurgreiðslu sjúkrakostnaðar í einkageiranum Hægt er að fá aðstoð hjá heilsugæslustöðvum og almennum sjúkrahúsum sveitarfélagsins ef þessu vottorði er framvísað;

í **Svíþjóð**: hjá „försäkringskassan“ (almannatryggingaskrifstofu). Hægt er að fá aðstoð hjá lækniþjónustu (sjúkrahús, lækni, tannlækni o.s.frv.) án þess að hafa samband við viðkomandi stofnun fyrst;

í **Breska konungsríkinu**: hægt er að fá aðstoð hjá lækniþjónustu án þess að hafa samband við þar til bæra stofnun fyrst. Framvísa skal þessu eyðublaði þegar leitað er eftir aðstoð;

á **Íslandi**: hjá „Tryggingastofnun ríkisins“ í Reykjavík, hægt er að fá aðstoð hjá lækniþjónustu án þess að hafa samband við viðkomandi stofnun fyrst. Framvísa skal þessu eyðublaði þegar leitað er eftir aðstoð;

í **Liechtenstein**: beint hjá lækniþjónustu (lækni, sjúkrahúsi o.s.frv.);

í **Noregi**: hjá „lokale Trygdekontor“ (almannatryggingastofnun staðarins). Hægt er að fá aðstoð hjá lækniþjónustunni án þess að hafa samband við stofnunina fyrst. Framvísa skal þessu eyðublaði þegar leitað er eftir aðstoð.

- b) Til þess að fá bætur í peningum skal viðkomandi, innan þriggja daga frá því að hann varð óvinnufær, sækja um þær hjá stofnun á dvalarstað með því að leggja fram tilkynningu um að hafa hætt störfum eða, ef kveðið er á um það í þeirri löggjöf sem þar til bær stofnun eða stofnun á dvalarstað starfar eftir, vottorð um óvinnufærni, útgefið af læknum sem hefur viðkomandi til meðferðar.

ATHUGASEMDIR

- (*) EES-samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi; vegna þess samnings gildir þetta eyðublað einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.
- (¹) Tákn fyrir landið: B = Belgía; DK = Danmörk; D = Þýskaland; GR = Grikkland; E = Spánn; F = Frakkland; IRL = Írland; I = Ítalía; L = Lúxemborg; NL = Holland; A = Austurríki; P = Portúgal; FIN = Finnland; S = Svíþjóð; GB = Breska konungsríkið; IS = Ísland; FL = Liechtenstein; N = Noregur.
- (²) Strikið yfir, eftir því sem við á.
- (³) Þegar spænskur ríkisborgari á í hlut skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu. Þegar portúgalskur ríkisborgari á í hlut skal rita öll nöfnin (eiginnafrn/-nöfn, kenninafn, meyjarnafn) í sömu röð eftir borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.
- (⁴) Tilgreinið dagsetningu í eftirfarandi röð: dagur/mánuður/ár.
- (⁵) Þegar spænskur ríkisborgari á í hlut skal rita númer á innlendu kennivottorði (DNI-númer), ef það er fyrir hendi, jafnvel þótt það sé fallið úr gildi. Að öðrum kosti skal rita „ekkert“.
- (⁶) Þegar ítalskur ríkisborgari á í hlut skal gefa upplýsingar um trygginganúmer og/eða „codice fiscale“ ef unnt er.
- (⁷) Fyllist aðeins út ef aðstandendur búa á öðrum stað en launþegi/sjálftætt starfandi einstaklingur eða námsmaður.
- (⁸) Fyllist út ef það er til.

VOTTORÐ UM RÉTT TIL NAUÐSYNLEGRAR AÐSTOÐAR VIÐ DVÖL Í AÐILDARRÍKI

(Athugið: Þetta skjal veitir engan rétt ef tilgangur ferðarinnar er að leita sér lækninga erlendis)

Almannatryggingareglugerðir: Reglugerð nr.1408/71: gr. 22b og gr. 34b

Þar til bær stofnun skal fylla eyðublaðið út með prentstöfum og senda það til viðkomandi einstaklings eða stofnunarinnar á dvalarstað ef eyðublaðið hefur verið fyllt út að beiðni hennar

1.	<input type="checkbox"/> Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem starfar í öðru aðildarríki en lögbæru ríki <input type="checkbox"/> Námsmaður samkvæmt b-lið 34. gr.
1.1	Kenninafn (²): Fyrri nöfn (²): Eiginnafn/-nöfn: Fæðingardagur og -ár (³): Fast heimilisfang: Gata: nr.: Pósthólf: Bær: Póstnúmer: Land (¹):
1.2	Kennitala:

2.	Aðstandendur																														
2.1	<table border="1"><thead><tr><th>Kenninafn (²)</th><th>Fyrri nöfn (²)</th><th>Eiginnafn/-nöfn</th><th>Fæðingardagur- og ár (³)</th><th>Kennitala</th></tr></thead><tbody><tr><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td></tr><tr><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td></tr><tr><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td></tr><tr><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td></tr><tr><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td><td>.....</td></tr></tbody></table>	Kenninafn (²)	Fyrri nöfn (²)	Eiginnafn/-nöfn	Fæðingardagur- og ár (³)	Kennitala
Kenninafn (²)	Fyrri nöfn (²)	Eiginnafn/-nöfn	Fæðingardagur- og ár (³)	Kennitala																											
.....																											
.....																											
.....																											
.....																											
.....																											
2.2	Fast heimilisfang (¹): Gata: Bær: Póstnúmer: Land (¹):																														

3. Þetta skjal gerir einstaklingum, sem um getur í reit 1 og/eða 2 og **dveljast tímabundið** í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu, kleift að fá **nauðsynlega aðstoð** hjá tryggingastofnunum í dvalarlandi **einungis við innlögn á sjúkrahús**:
í (¹): frá (²): til: að báðum meðtöldum

4.	Þar til bær stofnun
4.1	Heiti: Kenninúmer
4.2	Heimilisfang: Gata: Bær: Póstnúmer: Land: BELGÍA
4.3	Stimpill: Dagsetning (³): Undirskrift:

LEIÐBEININGAR FYRIR HINN TRYGGÐA OG AÐSTANDENDUR HANS

Þegar einhver viðkomandi einstaklinga þarf að leggjast á sjúkrahús, skal hann framvísa þessu eyðublaði hjá tryggingastofnun í dvalarlandinu, þ.e.:

í **Danmörku**: hjá heimilislæknum, tannlæknum og sjúkrahúsum sem heyra undir opinbera heilbrigðisþjónustu. Hægt er að fá meðferð hjá sérfræðingi eftir tilvísun frá heimilislækni. Yfirvöld á staðnum/svæðinu veita nánari upplýsingar;

í **Þýskalandi**: hjá staðarsjúkratryggingasjóði að eigin vali á dvalarstað;

í **Grikklandi**, að öðru jöfnu hjá almannatryggingastofnun héraðsins eða staðarins (IKA) sem gefur út „heilsubók“ fyrir viðkomandi, en hana er nauðsynlegt að hafa til að fá aðstoð;

á **Spáni**: hjá lækni- og sjúkrahúspjónustu opinberu spænsku heilbrigðisþjónustunnar. Framvísa verður eyðublaðinu ásamt ljósriti;

í **Frakklandi**: þegar sótt er um endurgreiðslu, hjá „Caisse primaire d'assurance maladie“ (staðarsjúkratryggingasjóðnum) eða beint á sjúkrahúsi við innlögn þar;

á **Írlandi**: hjá heilbrigðisstjórn á því svæði þar sem viðkomandi sækir um bætur;

á **Ítalíu**: að öðru jöfnu hjá „Azienda sanitaria locale“ (ASL, heilbrigðisstjórn staðarins) sem ber ábyrgð á viðkomandi svæði, fyrir sjómenn og áhafnir í almennu flugi, hjá „Ministero della sanità — Ufficio di sanità marittima o aerea“ (heilbrigðisráðuneyti, heilbrigðisskrifstofu sjóhers eða flugs sem ber ábyrgð á viðkomandi svæði);

í **Lúxemborg**: hjá „Caisse de maladie des ouvriers“ (sjúkratryggingasjóði fyrir verkafólk);

í **Hollandi** hjá „ANOZ Verzekeringen“ (almenna sjúkratryggingasjóðnum í Hollandi) í Utrecht, sem gefur út vottorð eftir viðtöku þessa eyðublaðs um rétt til hvers konar umönnunar án þess að setja skilyrði um að þörf fyrir aðstoð skuli vera brýn;

í **Austurríki**: hjá „Gebietskrankenkasse“ (sjúkratryggingasjóði héraðsins) á dvalarstað;

í **Portúgal**: í landinu sjálfu: hjá „Administração Regional de Saúde“ (heilbrigðisstjórn héraðsins) á dvalarstað; í **Madeira**: hjá „Direcção Regional de Saúde Pública“ (héraðsskrifstofu almannaheilbrigðis) í **Funchal**; á Asoreyjum: hjá „Direcção Regional de Saúde“ (heilbrigðisskrifstofu héraðsins) í Angra do Heroísmo;

í **Finnlandi**: hjá staðarskrifstofu „Kansaneläkelaitos“ (almannatryggingastofnunar) ef óskað er eftir endurgreiðslu sjúkrakostnaðar í einkageiranum Hægt er að fá aðstoð hjá heilsugæslustöðvum og almennum sjúkrahúsum sveitarfélagsins ef þessu vottorði er framvísað;

í **Svíþjóð**: hjá „försäkringskassan“ (almannatryggingaskrifstofu). Hægt er að fá aðstoð hjá lækniþjónustu (sjúkrahús, lækni, tannlækni o.s.frv.) án þess að hafa samband við viðkomandi stofnun fyrst;

í **Breska konungsríkinu**: hægt er að fá aðstoð hjá lækniþjónustu án þess að hafa samband við þar til bæra stofnun fyrst. Framvísa skal þessu eyðublaði þegar leitað er eftir aðstoð;

á **Íslandi**: hjá „Tryggingastofnun ríkisins“ í Reykjavík, hægt er að fá aðstoð hjá lækniþjónustu án þess að hafa samband við viðkomandi stofnun fyrst. Framvísa skal þessu eyðublaði þegar leitað er eftir aðstoð;

í **Liechtenstein**: hjá „Amt für Volkswirtschaft“ (Þjóðhagsstofnun) í Vaduz;

í **Noregi**: hjá „lokale Trygdekontor“ (almannatryggingastofnun staðarins). Hægt er að fá aðstoð hjá lækniþjónustunni án þess að hafa samband við stofnunina fyrst. Framvísa skal þessu eyðublaði þegar leitað er eftir aðstoð.

ATHUGASEMDIR

(*) EES-samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi; vegna þess samnings gildir þetta eyðublað einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.

(¹) Tákn fyrir landið: B = Belgía; DK = Danmörk; D = Þýskaland; GR = Grikkland; E = Spánn; F = Frakkland; IRL = Írland; I = Ítalía; L = Lúxemborg; NL = Holland; A = Austurríki; P = Portúgal; FIN = Finnland; S = Svíþjóð; GB = Breska konungsríkið; IS = Ísland; FL = Liechtenstein; N = Noregur.

(²) Þegar spænskur ríkisborgari á í hlut skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu. Þegar portúgalskur ríkisborgari á í hlut skal rita öll nöfnin (eiginnafn/-nöfn, kenninafn, meyjarnafn) í sömu röð eftir borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.

(³) Tilgreinið dagsetningu í eftirfarandi röð: dagur/mánuður/ár.

(⁴) Fyllist aðeins út ef aðstandendur búa á öðrum stað en launþegi/sjálftætt starfandi einstaklingur eða lífeyrisþegi.